

Aðalfundur Félags eldri borgara Seltjarnarnesi, 19. febrúar 2026 að
Skólabraut 1-3

- Fundargerð -

Fundur settur af formanni kl 16.00

Kosning fundarstjóra. Ólafur Egilsson

Kosning fundarritara. Sigurður Hannesson

Skýrsla stjórnar

Kristbjörg Ólafsdóttir flutti skýrslu stjórnar

Liggur prentuð fyrir fundinum og jafnframt á vefsíðu félagsins:
febseltj.is

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Sigríður Ólafsdóttir gerir grein fyrir ársreikningi

179 greiðandi félagar 2025 – eign á bankareikningi 1.264 þús.kr.

Eru til skoðunar á fundinum

Umræður um ársskýrslu og reikninga

Stefán Bergmann þakkaði fráfarandi formanni fyrir afbragðs þjónustu

Reikningar samþykktir samhljóða

Kosning stjórnar

Formaður:

Kristbjörg Ólafsdóttir óskar að láta af starfi og Sigríður Ólafsdóttir kjörin formaður til eins árs, var gjaldkeri fráfarandi stjórnar

Aðrir í aðalstjórn:

Úr stjórninni gengur Inga Hersteinsdóttir, auk Kristbjargar, og kosnar eru í þeirra stað til tveggja ára Guðríður Þorsteinsdóttir og

Anna Kristín Kristinsdóttir, áfram sitja Stefán Bergmann og Aðalheiður Finnbogadóttir

Varastjórn:

Úr varastjórn gengur Helgi Hjaltason og kosin er til tveggja ára Margrét Albertsdóttir, áfram situr Sigurður Hannesson.

Skoðunarmenn reikninga

Kjörnar Hrafnhildur Sigurðardóttir og Birna Óskarsdóttir

Til vara Gunnhildur Skaftadóttir

Fulltrúar á þing Landssambands eldri borgara

Kjörnar Sigríður Ólafsdóttir og Anna Kristín Kristinsdóttir

Lagabreytingar:

Engar tillögur höfðu borist

Árgjald samþykkt óbreytt kr. 3.000

Önnur mál:

Guðrún Björg Karlsdóttir umsjónarmaður félags- og þjónustumiðstöðvar á Skólabraut kynnti starfið og tilgang þess, með áherslu á virkni eldri bæjarbúa sem eru nú um þriðjungur íbúa á Seltjarnarnesi

Spurt um vor og sumarferðir og leikhúsferðir á vegum félagsstarfsins

Að lokum þakkaði fráfarandi formaður samstarfið á undanförunum fimm árum; þakkaði einnig sérstaklega Ingu Hersteinsdóttur og Helga Hjaltasyni og færði þeim blóm.

Nýkjörinn formaður þakkaði traustið, kvaðst hlakka til samstarfs við nýja stjórn og þakkaði samstarfið við fráfarandi formann og stjórn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.15

Sigurður Hannesson

fundarritari

Ólafur Egilsson

fundarstjóri